

**ÁRSFUNDUR LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF. HALDINN
FIMMTUDAGINN 31. MAÍ 2018 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19.**

Jóhannes Ingvarsson stjórnarformaður Lifeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að þórunn Kristinsdóttir yrði kosin fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Þórunn tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmaðan og til þess bæran að afgreiða dagskrárefni.

Fundarstjóri lagði til að umræða um skýrslu stjórnar yrði tekin fyrir samhliða umræðum um ársreikning sjóðsins. Einnig óskaði fundarstjóri eftir því að umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins yrði samhliða yfirferð ársreiknings. Engar athugasemdir voru gerðar við það. Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir.

1. Skýrsla stjórnar

Jóhannes Ingvarsson stjórnarformaður LSBÍ sagði að árið 2017 var á heildina lítið farsælt ár fyrir sjóðinn. Úrvalsvírala íslenskra hlutabréfa lækkaði um 4,4% en erlendir hlutabréfamarkaður gengu betur og hækkaði heimsvírala hlutabréfa um 9,7% mælt í íslenskum krónum. Þá gáfu innlend skuldabréf vel á árinu 2017 sem skiptir máli fyrir sjóð eins og okkar sem er með íhaldssama fjárfestingarstefnu og því með hátt vægi eigna í skuldabréfum. Raunávöxtun LSBÍ á árinu 2017 var 7,16% sem skipar okkur meðal efstu sjóða þessa árs.

Þessi góði árangur er ánægjulegur en það var þó dapurlegt mál sem fékk mikla umfjöllun á síðasta ári og ég vil fá að nefna stuttlega við ykkur hér. Sjóðurinn okkar tekur þátt í ýmsum sérhæfðum fjárfestingarverkefnum sem almennt hafa gefist vel. Til að dreifa áhættu er þess ávallt gætt að lágu hlutfalli af eignum sé fjárfest í hverju verkefni.

Á fyrri hluta ársins 2014 hófst skoðun á uppbyggingarverkefni í Helguvík, kísilmálmverksmiðjunni United Silicon. Í lok árs var svo ákveðið að taka þátt í því verkefni og nam heildarfjárfesting LSBÍ 79,4 milljónum króna eða 0,35% af heildareignum sjóðsins. Síendurtekin og ófyrirséð vandamál komu hins vegar upp við gangsetningu verksmiðjunnar og á árinu 2017 kom jafnframt upp



rökstuddur grunur um fjárvík og fleiri refsiverð brot af hálfu forstjóra félagsins. Í janúar 2018 óskaði stjórn félagsins svo eftir gjaldþrotaskiptum. LSBÍ færði niður eign sína í félaginu að fullu með varúðarniðurfærslu þegar ljóst var í hvað stefndi.

LSBÍ ásamt öðrum lífeyrissjóðum sem höfðu fjárfest í verkefninu réðu lögfræðing til að rannsaka málið og gæta réttar sjóðanna gagnvart öllum þeim aðilum sem komu að verkefninu. Líkt og upplýst var um í frétt á heimasíðu sjóðsins leiddi úttekt LMB Mandat í ljós rökstuddan grun um fjárvík og fleiri refsiverð athæfi af hálfu forsvarsmanna verksmiðjunnar og skiluðu sjóðirnir í framhaldinu inn kæru til lögreglu.

Þó svo að mikilvægt sé að hafa í huga að hér var um lágt hlutfall eigna að ræða, og heildarávöxtun sjóðsins á árinu að teknu tilliti til þessa taps, með þeirri hæstu á landinu breytir það ekki því að málið er afar þungbært. Stjórn LSBÍ harmar það hvernig fór og hefur í þeirri miklu vinnu sem farið hefur í eftirfylgni með málinu sl. ár leitast við að draga af því lærðom.

Stjórn LSBÍ hefur lagt sig fram við að halda sjóðfélögum upplýstum með fréttum á heimasíðu sjóðsins. Jóhannes benti á að lögfræðingur sjóðsins hjá LMB Mandat væri í salnum ef sjóðfélagar vildu ræða málið eða spyrja spurninga undir önnur mál í lok fundar.

Jóhannes sagði að tryggingafræðileg staða sjóðsins hafi verið með eindæmum góð undanfarin ár líkt og sjóðfélagar þekkja. Á ársfundi 2016 var tryggingafræðileg staða sjóðsins 17,6% og voru áunnin réttindi sjóðfélaga aukin um 10% í kjölfarið. Árið 2015 voru réttindi aukin um 2% til viðbótar við 14% aukningu árið 2012. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er nú 4,2% sem er með því lægra sem við þekkjum hér í þessum sjóði en telst nú samt sem áður góð staða og með þeim betri sem sjást meðal lífeyrissjóða landsins á þessu ári. Engin sjóður státar hins vegar af annarri eins sögu tryggingafræðilegrar stöðu og aukningu réttinda líkt og við höfum átt að venjast síðast liðin ár.

Ávöxtun sjóðsins síðustu fimm og tíu ár var með ágætum. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðast liðin 5 ár er 5,19% og ef litið er til síðustu 10 ára þá er meðaltal hreinnar raunávöxtunar 6,0%. Þetta er vel yfir 3,5% mörkunum sem lífeyrissjóðir miða alla jafna við. Reyndar er það svo að í nýlegri úttekt Hallgríms Óskarssonar verkfræðings og Dr. Gylfa Magnússonar dósent í

viðskiptafræðideild Háskóla Íslands á árangri allra lífeyrissjóða landsins sl. 20 ár trónir okkar sjóður á toppnum í fyrsta sæti.

Jóhannes sagði að Hjörleifur Arnar Waagfjörð, forstöðumaður Eignastýringar muni fara nánar yfir ávöxtun sjóðsins og fjárfestingarstefnu og Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, muni fjalla um niðurstöður úr tryggingafræðilegri úttekt sinni á sjóðnum.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam tuttugu og tveimur milljörðum níuhundruð og fimmtíu milljónum króna í árslok 2017. Á árinu hækkaði hún um 3,4% sem er ánægjulegt að sjá hjá sjóði eins og okkar sagði Jóhannes, þar sem lífeyrisgreiðslur eru hærri en iðgjöld.

Iðgjöld til sjóðsins á árinu voru 29 milljónir króna vegna 29 greiðandi sjóðfélaga, en iðgjöld til sjóðsins voru 35,8 milljónir árið áður og hafa þau því lækkað um 19%. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 9 færri en á árinu á undan en eins og kunnugt er þá er sjóðurinn lokaður fyrir nýjum greiðendum.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 1.212 milljónum króna sem er um 7,3% hækkun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 354. Meðalfjöldi þeirra sem þáði lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum á árinu var 338.

Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun hér á eftir kynna helstu niðurstöður ársreiknings sjóðsins.

Jóhannes sagði að stjórn sjóðsins væri óbreytt milli ára en hana skipuðu auk þess sem hér stendur og tók að sér stjórnarformennsku, Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi og Lára Jóhannsdóttir, doktor í viðskiptafræði og lektor við Háskóla Íslands. Varastjórn stóð einnig óbreytt milli ára en hana skipa Brynja Þorbjörnsdóttir, Anna María Bragadóttir og Árni Emilsson. Í endurskoðunarnefnd sjóðsins sátu Tryggvi E. Geirsson, formaður, Lára Jóhannsdóttir og Þórunn Kristinsdóttir.

Jóhannes telur að horfur sjóðsins fyrir yfirstandandi ár séu ágætar. Staða sjóðsins er sterk og framtíð sjóðsins er á heildina litið björt.

Jóhannes þakkaði góð samskipti við sjóðfélaga frá síðasta ársfundi og þakkaði meðstjórnendum áhægjulegt samstarf. Jafnframt þakkaði hann framkvæmdastjóra sjóðsins, starfmönnum eignastýringar Arion banka og þeim sem koma með einum eða öðrum hætti að starfsemi sjóðsins fyrir gott samstarf og fagleg vinnubrögð.

2. Kynning á ársreikningi

Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri LSBÍ fór yfir ársreikning LSBÍ 2017. Hún fór yfir breytingu á hreinni eign, efnahagsreikning, sjóðstreymi og helstu liði í skýringum. Hún sagði að iðgjöldin hefðu dregist saman á milli ára um 19%, lífeyrir aukist um 7,3%, hreinar fjárfestingartekjur jukust um 233% og rekstrarkostnaður jókst um 9,2%. Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris voru tæpir 23 milljarðar. Snædís fór yfir þróun iðgjalda og lífeyrisgreiðslna frá árinu 2010 og þróun á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Því næst fór Snædís yfir sundurliðun efnahagsreiknings og sjóðstremmis m.v. 31. desember 2017. Snædís fór yfir helstu skýringar og kennitölur úr ársreikningi 2017 og sagði að eignir umfram skuldbindingar voru um 4,2%. Hún fór yfir sundurliðun á greiddum lífeyri og skýringar á rekstrarkostnaði. Snædís sagði frá helstu áhættuþáttum í starfsemi og áhættustýringu sjóðsins. Snædís fór yfir ávoxtun sjóðsins síðustu árin, ávoxtun LSBÍ á árinu 2017 var 7,16%, síðustu 5 árin var ávoxtunin 5,2% og síðustu 10 árin var ávoxtunin 6%.

3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta fór yfir ávoxtun og eignastýringu fyrir árið 2017 og 2018 sem og fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2018. Hjörleifur byrjaði á að fara yfir þróun markaða 2017 samanborið við árið 2016. Hann sagði að skuldabréfamarkaðurinn hafi verið mjög hagstæður á árinu sem kom sér afar vel fyrir sjóðinn. Innlend hlutabréfavíspitala lækkuðu um 4% á árinu 2017. Hjörleifur fór yfir ávoxtun sjóðsins á árinu 2017 og fór yfir sundurbrot ávoxtunar eftir eignaflokkum. Nafnávoxtun sjóðsins var 9% og raunávoxtun var 7,2%. Hjörleifur fór yfir ávoxtun á móti viðmiði innlendra hlutabréfa og skuldabréfa sem og á móti viðmiði erlendra skuldabréfa og hlutabréfa. Hjörleifur sýndi ávoxtun sjóðsins frá árinu 1997, meðalraunávoxtun frá árinu 1997 var 6,5%. Meðal raunávoxtun síðustu 5 ára var 5,2% og síðustu 10 ára var hún 6%. Hjörleifur sagði að miðað við þá sjóði sem birt hafa tölur fyrir síðasta ár væri LSBÍ með 3 hæstu ávoxtun.

Hjörleifur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins, hann sagði að ekki væru um verulegar breytingar að ræða á stefnu sjóðsins frá fyrra ári, helsta breytingin er að skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs lækkar um 4% en skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana hækka á móti sem og staða í erlendum hlutabréfum var aukin.

Hjörleifur fór stuttlega yfir stöðu sjóðsins það sem af er árinu 2018 samanborið við sama tíma 2017. Raunávöxtun var um 0,9% og voru innlend hlutabréf að skila mestu framlagi til heildarávöxtunar á tímabilinu.

Hjörleifur fór yfir fjárfestingarstefnu LSBÍ fyrir árið 2018. Hjörleifur sagði frá breytingum á skilyrðum varðandi mikilsháttar og óvenjuleg viðskipti. Í þeim tilvikum sem rekstraraðili og/eða aðilar honum tengdir eru haghafar að fjárfestingunni, þá skal að jafnaði miða við að samanlagt hlutfall Arion banka, aðilum tengdum Arion banka og/eða aðilum í eignastýringu fyrrnefndra aðila sé undir 50%. Með því er horft til þess að mat óháðra aðila vegi meirihluta og að tryggja trúverðugleika. Ef lögð er til fjárfesting þar sem fyrrnefnt hlutfall fer yfir 50% skal stjórn meta hvort og á hvaða hátt skuli óskað eftir utanaðkomandi mati. Við frum- og forútboð hlutabréfa rekstraraðila og aðilum honum tengdum á skipulegan verðbréfamarkað skal liggja fyrir verðmat þriðja aðila.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.

4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt

Bjarni Guðmundsson kynnti niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar m.v. 31.12.2017

Í máli hans kom fram að heildarstaða væri 4,2% en var 4,4% árið 2016. Áfallin staða var 4,8% en er nú 5,1%. Staðan er því innan vikmarka laga nr. 129/1997. Bjarni sagði að verði heildarstaða meira en -5% eða +5% fimm ár í röð er sjóðnum skylt að grípa til aðgerða skv. lögum 129/1997. Bjarni sagði að ávöxtun ársins næði ekki alveg 3,5% viðmiði ef horft er á endurmetna eign, en aðrir þættir voru sjóðnum hagstæðir.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.



Ársreikningur LSBÍ 2017 lagður til samþykktar, hann var samþykktur samhljóða.

5.Kjör endurskoðanda

Stjórn gerði tillögu um að núverandi endurskoðendur sjóðsins, Íslenskir endurskoðendur ehf. Guðni Þór Gunnarsson, löggiltur endurskoðandi sjái áfram um endurskoðun sjóðsins fyrir næsta starfsár.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6.Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins

Snædís fór yfir tillögu stjórnar að samþykktarbreytingum. Samþykkt var á stjórnarfundi þann 26. apríl sl. tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins. Lagt er upp með að breytingarnar taki gildi þann 1. september n.k. að fenginni staðfestingu ráðherra.. Snædís sagði að breytingartillögur stjórnar á samþykktum sjóðsins í ár snúa allar að innleiðingu nýs úrræðis, svokölluðum hálfum lífeyri. Úrræðið má rekja til breytinga á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, sem tóku gildi 1. janúar 2018 og reglugerð nr. 1195/2017 um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilisuppbótar. Breytingar þær sem hér eru kynntar á samþykktum sjóðsins heimila sjóðfélögum að taka ellilífeyri í 50% hlutfalli frá 60 ára aldri.

Jafnframt verður sjóðfélögum heimilt að fresta töku hálfis lífeyris til allt að 80 ára aldurs með hækken á hinum frestaða hluta. Umræddar breytingar leiða til aukins sveigjanleika fyrir sjóðfélaga í töku lífeyris. Ennfremur býost sjóðfélögum að taka hálfan lífeyri hjá TR án nokkura skerðinga. Skilyrði fyrir hálfum lífeyri frá TR er að allir lífeyrissjóðir sem sjóðfélagi á réttindi í greiði einnig hálfan lífeyri.

Tillaga að samþykktarbreytingum

11. grein

Sjóðfélagi sem náð hefur 60 ára aldri og hefur samanlagðan 95 ára aldur og starfstíma, getur hafið töku eftirlauna, eins og þau reiknast samkvæmt framangreindu. Við töku ellilífeyris ráðstafar sjóðfélagi ellí- og örorkulífeyris - réttindum sinum endanlega og á því ekki sjálfstæðan rétt til örorkulífeyris eftir það.

Einnig er sjóðfélaga heimilt að hætta iðgjaldagreiðslum til sjóðsins og hefja töku eftirlauna áður en hann nær 65 ára aldri bótt hann uppfylli ekki ákvæði 5. mgr. bessarar greinar, en bó ekki fyrr en hann er orðinn 60 ára. Skal þá fjárhæð eftirlauna lækka sbr. töflu 1 í Viðauka III. Eftir að 65 ára aldri er náð mun fjárhæð ellilífeyris ekki taka breytingum til hækunar umfram breytingar á visitölu neyslumerðs til verðtryggingar, sbr. 2 mgr. 11. gr.

Starfstími sjóðfélaga telst sá tími sem greidd hafa verið iðgjöld til sjóðsins. Sá tími þarf ekki að vera samfelldur.

Hefji sjóðfélagi töku ellilífeyris, en haldi áfram störfum, geta lífeyrissjóðjöld hans ekki runnið til sjóðsins. Sjóðfélagar geta því ekki á sama tíma þegið ellilífeyri frá sjóðnum og greitt til hans iðgjöld.

Sjóðfélagi sem uppfyllir ákvæði 1. og 5. mgr. bessarar greinar og ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað beim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. 5. mgr. Ákvæði 6. mgr. skal gilda um bann hluta sem ráðstafað er fyrir 65 ára aldur. Sjóðfélagi sem orðinn er 65 ára getur frestað töku hálfis lífeyris til allt að 80 ára aldurs. Ákvæði 6. mgr. skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 65 ára aldri er náð.

Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn bar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gilda ekki ákvæði 1. og 5. mgr. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæða 1. og 5. mgr. Sjóðfélagi sem nýtir sér ákvæði þetta telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt ákvæði 5. mgr.

Samþykktarbreytingar í 6., 9. og 10. mgr. bessarar greinar taka gildi að fenginni staðfestingu ráðherra, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, bó eigi fyrr en 1. september 2018.

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

7.Laun stjórnarmana

Snædis bar fram tillögu stjórnar um laun stjórnarmana, sem var eftifarandi.

Stjórn gerir tillögu um eftifarandi stjórnarlaun:

Aðalmenn: 100.000 á mánuði

Formaður: 200.000 á mánuði

Varamenn: 50.000 fyrir hvern setinn fund

Þá var gefið rúm fyrir fyrirspurnir, engar fyrirspurnir komu fram

Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir önnur mál.

Enginn kvaddi sér hljóðs undir liðnum önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara. Þá sagði fundarstjóri fundi formlega slitið kl. 18:19

Reykjavík, 31. maí 2018



Þórunn Kristinsdóttir



Unnur Elín Jónsdóttir

Unnur Elín Jónsdóttir ritari